

4. desember 1985

857

Nr. 436

REGLUGERÐ

um bann við línu- og togveiðum á Breiðafirði.

1. gr.

Frá og með 8. desember 1985, uns annað verður ákveðið, eru línu- og togveiðar bannaðar á svæði í Breiðafirði, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- a. $65^{\circ}12'54\text{ N} — 24^{\circ}34'43\text{ V}$
- b. $65^{\circ}21'42\text{ N} — 24^{\circ}27'52\text{ V}$
- c. $65^{\circ}09'48\text{ N} — 23^{\circ}57'36\text{ V}$
- d. $65^{\circ}07'20\text{ N} — 24^{\circ}13'59\text{ V}$

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. desember 1985.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.